

## Samfélagsgreinar

*Kennarar: Anna Sigríður Pálsdóttir, Brynja Blumenstein og Ragnheiður Eiríksdóttir*

Lýsing – Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Í Hlíðaskóla er íslenska, samfélags- og náttúrugreinar kendar undir merkjum Byrjendalæsis. Aðferðin miðast við að vinna með hlustun, lestur, tal og ritun í einni heild samkvæmt fyrirfram ákveðnu ferli.

Samfélagsgreinar eru að meðaltali 4,5 kennslustundir í viku. Dæmi um viðfangsefni í samfélagsgreinum eru: skólinn og nánasta umhverfi, umferðin, ég og fjölskyldan mín, lífsleikni, siðir og trú,

Námsmarkmið – Hvað á nemandinn að **læra**?

Samfélagsgreinar byggja brú á milli sjálfsþekkingar einstaklingsins og virkrar þátttöku hans í lýðræðislegu samfélagi.

- Sjálfsmynd og tengsl: Áhersla á sjálfsþekkingu, samskiptahæfni og skilning á eigin ábyrgð og áhrifum.
- Lýðræði og gildi: Þjálfun í jafnrétti, réttlæti og virðingu fyrir reglum og gildum samfélagsins.
- Samhengi og saga: Skilningur á sögulegum atburðum, menningu og umhverfislegum áskorunum til að stuðla að farsælu lífi á Jörðinni.
- Gagnrýnin hugsun: Nemendur læra að takast á við siðferðileg álitamál með ígrundun, rökum og virkri hlustun á ólík sjónarmið.

Námsefni – Hvaða gögn og bækur verða notuð?

Bækur:

- Halló heimur 1, lestrarbók og vinnubók
- Götuvitinn (umferðarreglur)
- Nornin (fordómar)
- Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- Stór skrímsli gráta ekki
- Skrímslaerjur
- NEI sagði litla skrímslið
- Asnaskóli
- Sjóræningjar í næsta húsi
- Kristin fræði, Birtan
- Pási páskaungi
- **Heimilisfræði:** Varast hættur í eldhúsinu
- **Hjúkrunarfræðingur í heimsókn:** Skimanir og viðtöl um heilsu og líðan, „Líkaminn minn“  
Forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi, Slysavarnir- hjálmanotkun

Gögn:

- Myndefni í tengslum við námsefnið, beinagrind, líkaminn (gína með innri líffærum)

Ferðir:

- Gengið um nánasta umhverfi skólans, Öskjuhlíðin (aðventuhátíð í Grendarskóginum),

### Kennsluaðferðir – Hvernig er unnið í kennslustundum

Í samfélagsgreinum er stuðst við Byrjendalæsi, samþættir aðferð sem byggir á hlustun, lestri, töluðu máli og ritun til að efla orðaforða og lesskilning nemenda á samfélagslegum málefnum.

Vinnuferlið í þremur skrefum:

- Inntak (Skilningur): Valin bók/fræðibók eða texti er lesinn þrisvar. Áhersla á myndlestur, hugtakaútskýringar og samræður um innihaldið.
- Tæknilegir þættir (Úrvinnsla): Unnið með lykilorð úr textanum. Nemendur sundurgreina orð og stafi í gegnum leiki og stöðvavinnu (t.d. orðasúpur, orðaskugga og stafsetningarleiki).
- Enduruppbygging (Sköpun): Nemendur nýta þekkinguna til að semja eigin texta eða tjá sig um viðfangsefnið á skapandi hátt.

Vinnuferlið í þremur skrefum

- Inntak (Skilningur): Valin fræðibók eða texti er lesinn þrisvar. Áhersla á myndlestur, hugtakaútskýringar og samræður um innihaldið.
- Tæknilegir þættir (Úrvinnsla): Unnið með lykilorð úr textanum. Nemendur sundurgreina orð og stafi í gegnum leiki og stöðvavinnu (t.d. orðasúpur, orðaskugga og stafsetningarleiki).
- Enduruppbygging (Sköpun): Nemendur nýta þekkinguna til að semja eigin texta eða tjá sig um viðfangsefnið á skapandi hátt.

Lykilatriði

- Markmið: Alltaf sýnileg nemendum og sett fram í skýrri kennsluáætlun.
- Fjölbreytni: Notast er við stöðvavinnu, orðaspil og dagblaðavinnu til að festa orðmyndir og merkingu í minni.

### Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Framvinda nemenda í samfélagsgreinum er metin út frá hugmyndafræði leiðsagnarnáms, þar sem vinna nemenda, þáttaka í umræðum og hópastarfi er metin. Matið er símat, gert jafnt og þétt allan veturinn.

Nemendur fá styðjandi endurgjöf þegar námsefnið er nemendunum enn í ferskt í minni.

Námsmat birtist nemendum jafnt og þétt yfir árið inn á Mentor og það rætt í nemenda- og foreldravíðtölum.

### Viðmið úr námskrá

Hæfniviðmið fyrir samfélagsgreinar eru sett fram í sex flokkum, þ.e. vinnulag samfélagsgreina, sjálfsmynd, siðferði og trú, borgaravítund, saga og Jörðin okkar. Þó hæfniviðmiðin séu flokkuð á þennan hátt er mikilvægt að líta á þau sem samfellda heild. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn, fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni.

Endurskoðun greinasviða aðalnámskrár grunnskóla 2024

Hæfniviðmið í samfélagsgreinum fyrir 1. bekk: Að nemandi geti með aðstoð...

- rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi,
- aflað sér upplýsinga um sjálfan sig og nærumhverfið og sagt frá,
- rætt um upplýsingar og ólíkar skoðanir úr völdum heimildum,
- spurt spurninga og tekið þátt í umræðu um valin samfélags- og siðferðileg málefni,
- sett sig í spor annarra jafnaldra,
- miðlað þekkingu sinni og skoðunum tengdum samfélaginu,
- tekið þátt í samvinnu og sameiginlegum ákvörðunum í jafningjahópi,
- sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af uppruna, búsetu og fjölskyldu,
- áttað sig á mikilvægi næringar, hvíldar, hreyfingar og hreinlætis,
- áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum svo sem gleði, sorg og reiði,
- tekið þátt í umræðu um mikilvægi jákvæðra viðhorfa fyrir sjálfan sig,
- gert sér grein fyrir hvar eigin styrkur og áhugi liggur,
- sagt frá hvernig hann sýnir sjálfum sér og öðrum virðingu,
- fjallað um ólíka einstaklinga og hópa í bókum og eða í nærsamfélaginu,
- bent á dæmi um fjölbreytni kynhlutverka,
- áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform og hefur ólíkan bakgrunn, borið virðingu fyrir fjölbreytileikanum,
- velt fyrir sér spurningum sem tengjast trú,
- sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni,
- farið eftir reglur í samskiptum og umferðarreglur,
- rætt um réttindi sín og skyldur og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,
- áttað sig á að hver einstaklingur er hluti af stærra samfélagi,
- áttað sig á mikilvægi jafnréttis í daglegum samskiptum,
- þekkt dæmi um grunnþjónustu í samfélaginu,
- varast hættur á heimili sínu, í umferðinni og nærumhverfinu,
- rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra og tekið þátt ísamfélagsmálum,
- tjáð sig um mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytileika fjölskyldugerða samfélaginu,
- nefnt dæmi um hvernig náttúrufar hefur áhrif á lífshætti fólks,
- lýst því hvernig matvæli og föt verða til og hvar þau enda,
- þekki helstu reglur um flokkun á úrgangi,
- gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.

Ítarleg viðmið á [Mentor.is](https://www.mentor.is)